



Borgarráð

Fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Miðflokksins um ráðgjafafyrirtækið Strategía

Á fundi borgarráðs þann 2. apríl sl. var lögð fram svohljóðandi fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Miðflokksins:

1. Hvað hefur ráðgjafafyrirtækið Strategía fengið mörg verkefni frá Reykjavíkurborg og B-hluta félögum frá upphafi kjörtímabilsins og til dagsins í dag? 2. Hvaða verkefni eru það? 3. Var þetta fyrirtæki með verkefni fyrir þessa sömu aðila á síðasta kjörtímabili? Ef svarið er já – hvað fékk fyrirtækið greitt samtals á árunum 2014 – 2018? 4. Er félagið að vinna verkefni fyrir Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu? Ef svarið er já – hvaða verkefni eru það og hver er áætlaður kostnaður við þau? 5. Hvað eru þetta mörg verkefni samtals og hvað hefur verið borgarð fyrir hvert verkefni fyrir sig tæmandi talið? Hér er líka átt við verkefni sem er ólokið? 6. Var gerð verðkönnun eða var farið í útboð áður en verkefnin fóru af stað? 7. Hvers vegna var þetta fyrirtæki valið fram yfir önnur sambærileg fyrirtæki?

Fyrirspurninni var vísað til umsagnar skrifstofu borgarstjóra og borgarritara með bréfi skrifstofu borgarstjórnar, dags. 11. júní sl.

Svar við fyrirspurn:

Skrifstofa borgarstjóra og borgarritara óskaði eftir upplýsingum frá bókhaldi Reykjavíkurborgar sem og frá B-hluta félögum og Samtökum sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu. Upplýsingarnar miðast við 1. september 2020.

1. Ráðgjafafyrirtækið Strategía hefur fengið samtals níu verkefni frá Reykjavíkurborg og B-hluta félögum frá upphafi kjörtímabilsins og til dagsins í dag. Þar af eru fjögur frá Reykjavíkurborg og fimm frá B-hluta félögunum.

2. Ráðgjafafyrirtækið hefur unnið eftirfarandi fjögur verkefni fyrir Reykjavíkurborg:
Endurskoðun og innleiðing á skipuriti Reykjavíkurborgar
Almenn eigendastefna Reykjavíkurborgar
Innleiðing á velferðartækni og umbótum
Vinna fyrir heimaþjónustu

Strategía hefur unnið eftirfarandi verkefni fyrir B-hluta fyrirtæki Reykjavíkurborgar:

Strætó bs.

Endurskoðun á stefnu Strætó bs.

Faxaflóahafnir sf.

Aðstoð við ráðningu nýs hafnarstjóra.

Aðstoð við vinnu á eigendastefnu Faxaflóahafna, það verkefni stendur enn yfir.

Slökkviliðið á höfuðborgarsvæðinu

Undirbúningur jafnlaunavottunar, það verkefni stendur enn yfir.

Strategía hefur ekki unnið verkefni fyrir önnur B-hlutafélög.

3. Ráðgjafafyrirtækið Strategía vann ekki verkefni fyrir Reykjavíkurborg né B-hlutafélögin á síðasta kjörtímabili.

4. Leitað var til Samtaka sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu varðandi þennan lið spurningarinnar. Svar samtakanna er hjálagt.

5. Alls eru verkefnin sem Strategía hefur unnið fyrir Reykjavíkurborg, B-hlutafyrirtækin og Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu tíu. Þar af fjögur fyrir Reykjavíkurborg, fimm fyrir B-hluta félögin og eitt fyrir Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu.

Sundurliðaður kostnaður vegna verkefnanna má sjá í töflunni hér að neðan.

Fyrirtæki	ISK
Reykjavíkurborg	
Endurskoðun og innleiðing á skipuriti Reykjavíkurborgar	12.833.165
Almenn eigendastefna Reykjavíkurborgar	1.919.925
Innleiðing á velferðartækni og umbótum	310.050
Vinna fyrir heimaþjónustu	47.700
	15.110.840
Strætó bs.	
Endurskoðun á stefnu Strætó	2.358.418
Faxaflóahafnir	
Ráðning nýs hafnarstjóra	809.100
Eigendastefna Faxaflóahafna	1.947.854
	2.756.954
Slökkviliðið á höfuðborgarsvæðinu	
Undirbúningur jafnlaunavottunar	874.976
Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu	
Úttekt og skýrsla um skipulag og stjórnhætti byggðasamlaga	7.600.000
Samtals	28.701.188

6. - 7. Skrifstofa borgarstjóra og borgarritara gerði verðfyrirspurn og óskaði eftir tilboðum vegna endurskoðunar á skipulagi stjórnsýslu Reykjavíkur árið 2018. Leitað var m.a. til Strategíu vegna sérfræðiþekkingar innan fyrirtækisins á sviði breytingastjórnunar og stjórnarháttanna. Fyrirliggjandi áætlanir gerðu ráð fyrir að umfang verkefnisins myndi ekki kalla á að fara með verkefnið í formlegt verðfyrirspurnarferli eða útboð samkvæmt innkaupareglum Reykjavíkurborgar. Á þessum tíma voru í gildi innkaupareglur frá árinu 2014 þar sem fram kemur að ekki sé skylt að fara í slíkt nema áætluð samningsupphæð vegna kaupa á þjónustu sé yfir 14 mkr. að meðtöldum virðisaukaskatti, sbr. 11 gr. Skriflegur samningur var gerður við Strategíu, dags. 07.11.2018, sbr. ákvörðun borgarráðs frá 25.10.2018.

Árið 2019 var hafist handa við innleiðingu á breyttu skipulagi. Gerður var samningur við Strategíu um ráðgjöf við innleiðingu á breyttu skipulagi stjórnsýslu Reykjavíkurborgar, dags. 08.02.2018, sbr. ákvörðun borgarráðs frá 07.02.2019. Eins og áður eftir verðfyrirspurn og ósk um tilboð. Leitað var m.a. til Strategíu vegna ofangreindrar sérfræðiþekkingar og ekki síður vegna þess að fyrirtækið þekkti þá þegar verkefnið vel vegna fyrri aðkomu. Í gildi voru ofangreindar innkaupareglur.

Gerður var samningur við Strategíu um ráðgjöf við mótun almennrar eigendastefnu Reykjavíkurborgar, dags. 21.01.2020, sbr. ákvörðun borgarráðs frá 17.10.2019 og er eigendastefnan hluti af endurskoðun á skipulagi stjórnsýslunnar. Þar sem áætlaður kostnaður vegna samningsins var undir 2 mkr. var ekki farið í innkaupaferli enda skal skv. 14. gr. innkaupareglna Reykjavíkurborgar einungis gera verðfyrirspurn, sbr. 19. gr. sömu reglna vegna kaupa á vöru eða þjónustu á bilinu 5-15,5 milljónir kr. án vsk. Ekki er skylt að fara í innkaupaferli nema áætluð samningsupphæð vegna kaupa á þjónustu sé yfir 15,5 milljónir án vsk. Er þetta í samræmi við nýjar innkaupareglur sem tóku gildi þann 31. maí 2019.

Þorsteinn Gunnarsson
borgarritari

Hjálagt:

Bréf frá Samtökum sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu, dags. 9. september 2020



Kópavogi, 9. september 2020.

Tinna Garðarsdóttir
Verkefnastjóri stjórnsýslumála
Skrifstofu borgarstjóra og borgarritara

Varðar: Fyrirspurn vegna Strategíu.

Vísað er til tölvupósts frá skrifstofu borgarstjóra og borgarritara frá 28. ágúst 2020 en spurt er eftirfarandi:

„ Er félagið (Strategía) að vinna verkefni fyrir Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu? Ef svarið er já hvaða verkefni eru það og hver er áætlaður kostnaður við þau “?

Á aðalfundi SSH þann 15. nóvember 2019 var samþykkt í starfsáætlun SSH fyrir árið 2020 “ *að hefja umræðu og stofna til verkefnis um stjórnsýslulega stöðu byggðasamlaganna. Utanþykki ráðgjafi verði fengin til að vinna tillögugerð í samráði við sveitarfélögin er varðar framtíðar stjórnskipulag byggðasamlaganna. Þá verði farið yfir þá vinnu sem þegar hefur verið unnin á þessum vettvangi, endurskoðun á samþykktum og eigendastefnu byggðasamlaganna með skilvirkni og hagræði að leiðarljósi”.*

Í febrúar 2020 var unnið að því að fá ráðgjafa að verkefninu og stóð valið á milli Capacent, KPMG og Strategíu. Að loknu faglegu mati varð það niðurstaðan að ganga til samninga við Strategíu. Byggðist sú niðurstaða á mati á þekkingu og reynslu, nálgun á verkefni og verði þjónustu. Er það eina verkefnið sem Strategía vinnur nú að á vettvangi SSH.

Skv. bókhaldi SSH frá 9. september 2020 hafa verið greiddar um 7,6 millj. kr til Strategíu fyrir ofangreinda vinnu. Afurð vinnunar var úttekt og skýrsla um skipulag og stjórnarhætti byggðasamлага á höfuðborgarsvæðinu frá júní 2020. Hefur skýrslan verið kynnt og rædd á vettvangi sveitarfélaganna á höfuðborgarsvæðinu s.

Ljóst er að Strategía mun vinna áfram á vettvangi SSH sem ráðgjafi er varðar verkefnið um stjórnsýslu byggðasamlaganna og líklegt er að sú vinna verði umtalsverð ef gerðar verða breytingar á stjórnsýslu byggðasamlaganna. Engu að síður verður lögð áhersla á að nýta sem best starfskrafta skrifstofu SSH við verkefnið en á vormánuðum var ráðinn til starfa lögfræðingur hjá SSH til þess m.a að sinna verkefnum sem þessum. Kostnaður vegna ráðgjafar Strategíu mun því ráðast af þáttum eins og hve mikla vinnu er hægt að vinna innan SSH og byggðasamlaganna, samlegð í verkefnum, framgangi verkefnisins o.fl.

Virðingarfyllst,
f.h Samtaka sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu


Páll Björgvin Guðmundsson
Framkvæmdastjóri SSH